



Reykjavík 08.02.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 7. febrúar 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, breytt afmörkun landnotkunar

Lögð fram verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. dags. febrúar 2018 vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í breytingunni felst breytt afmörkun landnotkunar fyrir samfélagsstofnanir og fleiri sambærilegar lagfæringar

Lýsing á skipulagsgerð samþykkt til kynningar og umsagna, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lýsingin verður send til skilgreindra umsagnaraðila

Lýsingin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Harri Ormarsson

Fylgiskjal: verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. dags. febrúar 2018

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

Afmörkun landnotkunar í samræmi við lóðamörk

Svæði fyrir samfélagsstofnanir

Breytt afmörkun landnotkunar fyrir samfélagsstofnanir og fleiri sambærilegar lagfæringar

Verklýsing vegna breytinga á aðalskipulagi

Lögð fram sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010




Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Breyting nr. 25
Febrúar 2018

1. Forsendur og markmið

Gera þarf lítilsháttar breytingar á þéttbýlisupprætti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, þar sem komið hefur upp misræmi í afmörkun landnotkunar þar sem þegar liggja fyrir eldri ákvarðanir um lóðamörk og notkun lóðar. Þetta á einkum við afmörkun samfélagsstofnana. Sem dæmi um þetta er afmörkun svæðis fyrir samfélagsstofnanir við Völvufell 9 í núgildandi aðalskipulagi, þar sem hluti svæðisins er sýnt sem grænt svæði (sjá mynd 1, afmörkun innan hrings). Í aðalskipulaginu 2001-2024, þar sem beitt var skematískri framsetningu var umrædd lóð hluti íbúðarbyggðar, eins og var um flestar þjónustustofnanir í því skipulagi. Í aðalskipulaginu 1996-2016 var umrædd lóð sýnd réttilega sem hluti svæðis fyrir stofnanir. Lóðin er því fyrir mistök sýnd sem grænt svæði á þéttbýlisupprætti gildandi aðalskipulags.

Þetta hefur gefið tilefni til að yfirfara betur afmörkun landnotkunar á þéttbýlisupprætti og tryggja samræmi við fyrirliggjandi lóðamörk. Farið verður yfir afmörkun samfélagsstofnana og fleiri landnotkunarsvæða eins og kostur er. Væntanlegar lagfæringar verða auglýstar sem breytingar á þéttbýlisupprætti. Breytingar sem þessar fela ekki í sér breytingar á stefnumörkun og eru fyrst og fremst gerðar til að landnotkunarupprátturinn endurspegli rétta lóðaskipan og grunnskilgreiningu lóða, enda sýnt að ekki liggi fyrir stefna um annað. Það er því væntanlega ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um umhverfisáhrif viðkomandi lagfæringa og breytinga.



Mynd 1. Völvufell 9 og nágrenni. Mynd tekin úr skipulagssjá. Umrædd þjónustulóð sem skilgreind var sem opið svæði er innan hringsins.

2. Fyrirhugaðar breytingar

Afmörkun landnotkunar á einstökum svæðum verður lagfærð í samræmi við fyrirliggjandi lóðamörk og skilgreiningu lóða. Gerð verður breyting vegna afmörkunar samfélagsþjónustu við Völvufell og á fleiri svæðum, eftir því sem ástæða er til.

3. Samráð og kynningar

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu skrefum í skipulagsferlinu:

- Áherslur og fyrirkomulag endurskoðunar kynnt með verklýsingu (sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslag). Verklýsing verður auglýst í fjölmiðlum, send til skilgreindra hagsmunaaðila og gerð aðgengileg á vef borginnar. Gefinn verður ákveðinn frestur á að koma með ábendingar og athugasemdir. Febrúar 2018.
- Drög að breytingartillögu kynnt opinberlega (sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010). Drögin kynnt með fullnægjandi hætti, auglýst í fjölmiðlum, gerð aðgengileg á vefnum og boðið uppá opið hús. Drögin verða send áður til skilgreindra hagsmunaaðila. Mars 2018
- Aðalskipulagsbreyting samþykkt í auglýsingu og send til athugunar hjá Skipulagsstofnun. Mars-apríl 2018
- Aðalskipulagsbreyting auglýst. Breytingartillögur kynntar í 6 vikur og óskað eftir skriflegum athugasemdum (sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010). Apríl - maí 2018.

4. Umsagnaraðilar

Umsagnar- og samráðsaðilar verða:

Hverfisráð Breiðholts og önnur hverfisráð eftir atvikum; aðliggjandi sveitarfélög;

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins; Skipulagsstofnun